

Gjaldskrá stoð- og stuðningsþjónustu Þjónustunnar heim

1. gr.

Gildissvið

Með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og málefni aldraðra nr. 125/1999. Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og mat.

2. gr.

Félagsleg heimaþjónusta

Gjald fyrir stoð- og stuðningsþjónustu fer eftir lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Aldrei er innheimt fyrir meira en tveggja (2) tíma aðstoð vikulega, eða átta (8) tíma á mánuði.

Fullt tímagjald fyrir stoð- og stuðningsþjónustu er 2400 kr. á tímann. Afsláttur vegna tekna er veittur skv. 6. gr. gjaldskrár þessarar.

3. gr

Dagdvöl og matarþjónusta

Flokkur	Verð
Heimsendur matur	1530 kr.*
Hádegismatur í Ekrunni og Miðgarði	1530 kr.*
Kaffi í Ekrunni	300 kr.**
Kaffimeðlæti í Ekrunni	600 kr.**
Dagdvöl aldraðra með mat	1.619 kr.***

*Gjaldskrá fylgir innkaupaverði frá birgja

**Gjaldskrá endurskoðuð árlega

***Skv. reglugerð nr.1245/2016 um dagdvöl aldraðra

4. gr.

Innheimta

Reikningar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

5. gr.

Fylgigögn með umsókn

Til að hægt sé að sækja um afslátt af gjaldi fyrir stuðnings- og stoðþjónustu þurfa eftirtalin gögn að fylgja með umsókn um Þjónustuna heim, *launa- eða greiðsluseðlar þriggja undangenginna mánaða og afrit af nýjasta skattframtali hverju sinni.*

Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

6. gr.

Tekjumörk árið 2026

Við ákvörðun tekjumarka vegna afsláttar frá gjaldtöku er miðað við viðmiðunargreiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega í janúar ár hvert. Fyrir árið 2026 eru það:

- Tekjumörk einstaklinga 462.049,- krónum á mánuði
- Tekjumörk sambúðarfólks 396.340,- krónur á mánuði,

Undanþegnir gjaldskyldu félagslegrar heimaþjónustu eru:

- Einstaklingar og hjón sem hafa tekjur undir neðangreindum tekjuviðmiðum

50% afslátt af félagslegri heimaþjónustu fá:

- Einstaklingar og hjón sem eru með allt að 25% í flokki II hér að neðan

Notendur greiða ekki fyrir fleiri en 8 klukkustundir á mánuði.

Tekjumörk einstaklinga:

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr. / klst.
0	462.049	Flokkur 0	0
462.050	577.561	Flokkur I	1200
577.562		Flokkur II	2400

Tekjumörk hjóna og sambýlisfólks

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr. / klst.
0	792.680	Flokkur 0	0
792.681	990.851	Flokkur I	1200
990.852		Flokkur II	2400

Sjá reglur um [stuðnings-](#) og [stoðþjónustu](#) hjá Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir frekar upplýsingar.

7.gr.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðunum matsteymis þjónustunnar heim um þjónustuna og gjaldtöku til velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun matsteymis þjónustunnar heim.

Ákvörðun velferðarnefndar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun velferðarnefndar.

Starfsmaður stuðnings- og virkniþjónustu skal leiðbeina umsækjendum um hvernig skuli skjóta ákvörðunum til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 08.01.2026 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.

Samþykkt í bæjarstjórn 08.01.2026.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri

